

KALDALÓN

FUNDARBOÐ

Stjórn Kaldalóns hf., kt. 490617-1320, Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík („félagið”) boðar til aðalfundar í félaginu fimmtudaginn 26. mars 2026, kl. 16:00. Fundurinn verður haldinn á Reykjavík Natura, Nauthólsvegi 52, 101 Reykjavík.

Á dagskrá fundarins verða eftirfarandi liðir:

- 1) Skýrsla stjórnar um rekstur og starfsemi félagsins síðastliðið rekstrarár
- 2) Staðfesting ársreiknings félagsins fyrir síðastliðið rekstrarár
- 3) Ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins á síðastliðnu rekstrarári
- 4) Kosning stjórnar og varamanna í stjórn félagsins
- 5) Kjör endurskoðanda félagsins
- 6) Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna félagsins og undirnefnda
- 7) Samþykkt starfskjarastefnu félagsins
- 8) Kosning þriggja fulltrúa í tilnefningarnefnd
- 9) Tilnefning utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd
- 10) Tillaga til breytinga á samþykktum:
 - a) Tillaga um breytingu á grein 2.1 í samþykktum félagsins þar sem lagt er til að hlutafé verði lækkað um kr. 242.918.180, eða 24.291.818 hluti til ógildingar eigin hluta
- 11) Tillaga um heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum
- 12) Önnur mál löglega fram boðin

Aðilar sem eru skráðir hluthafar í hlutaskrá samkvæmt hluthafakerfi félagsins þegar aðalfundur fer fram geta beitt réttindum sínum á hluthafafundi. Ekki verður boðið upp á rafræna þátttöku á fundinum en hluthöfum gefst kostur á að senda umboðsmann á fundinn sem greiðir atkvæði fyrir þeirra hönd. Umboðsmaður skal leggja fram dagsett og skriflegt eða rafrænt umboð við upphaf fundar. Umboð er að finna á vefsíðu félagsins kaldalon.is/adalfundur2026. Atkvæðagreiðslur og kosningar verða einungis skriflegar á fundinum ef einhver atkvæðisbærra fundarmanna krefst þess.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á aðalfundinum, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins, þó í síðasta lagi 10 dögum fyrir fundinn. Um heimildir hluthafa til að fá mál tekin til meðferðar á fundinum vísast til greinar 3.8 í samþykktum félagsins sem finna má á heimasíðu þess, www.kaldalon.is sem og ákvæða laga um hlutafélög nr. 2/1995.

Fresti til að tilkynna um framboð til stjórnar á netfangið kaldalon@kaldalon.is lýkur fimm sólarhringum fyrir hluthafafund, nánar tiltekið kl. 16:00 laugardaginn 21. mars 2026. Notast skal við framboðseyðublað sem finna má á vefsíðu félagsins. Vísað er til fyrri auglýsinga tilnefningarnefndar

eftir framboðum en óskað var eftir tillögum að stjórnarmönnum eigi síðar en 30. janúar 2026. Starfsemi tilnefningarnefndar takmarkar ekki heimild frambjóðenda að skila inn framboðum. Tilnefningarnefnd mun ekki geta lagt mat á frambjóðendur sem tilkynna framboð eftir 30. janúar 2025.

Framboðum í tilnefningarnefnd félagsins skal skila á þar til gerðu eyðublaði sem finna má á vefsvæði fundarins. Framboðum skal skila á netfangið kaldalon@kaldalon.is. Framboðsfrestur rennur út 7 dögum fyrir hluthafafund, nánar tiltekið kl. 16:00 þann 19. mars 2026.

Upplýsingar um frambjóðendur verða birtar á skrifstofu og vefsíðu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund. Meðfylgjandi fundarboði er birt skýrsla tilnefningarnefndar félagsins.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundinum. Til þess að tillögur frá hluthafa verði teknar til umræðu á fundinum verður að skila þeim til stjórnar félagsins með nægilegum fyrirvara svo unnt verði að taka málið á dagskrá, þó í síðasta lagi 10 dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 16:00 mánudaginn 16. mars 2026. Tillögum skal skila á netfagnið kaldalon@kaldalon.is.

Gögn vegna aðalfundar, þ.m.t. ársskýrsla félagsins, verða gerð aðgengileg eigi síðar en fimmtudaginn 13. mars nk. á vefsvæði fundarins kaldalon.is/adalfundur2026 og skrifstofu félagsins.

Reykjavík, 4. mars 2025

F.h. stjórnar Kaldalóns hf.

Ásgeir Helgi Reykfjörð Gylfason
stjórnarformaður